

**Nd.**

**686. Nefndarálit**

[250. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum í dag að viðstöddum vegamálastjóra. Varð hún sammála um að mæla með samþykkt þess á grundvelli þess samkomulags, sem upplýst er að orðið hefur milli fulltrúa allra þingflokka í fjárveitinganefnd um hækkun innflutningsgjalds á benzini, og að rikissjóður taki að sér greiðslu vaxta og afborgana af skuldum þjóðbrauta og landsbrauta á árunum 1970—1972.

Nefndin leggur til, að 5. gr. frv. falli niður, en í henni er gert ráð fyrir, af afnumið verði undanþáguákvæði vegalaga um greiðslu þungaskatts af skólabifreiðum. Flytur nefndin breytingartillögu um það á sérstöku þingskjali. Einn nefndarmanna (BGr) var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 1969.

Sigurður Bjarnason,  
form., frsm.

Steingrímur Pálsson.

Sigurvin Einarsson.

Friðjón Þórðarson.

Jónas Árnason.

Guðl. Gíslason.